

Erindisbréf

Starfshópur um yfirfærslu vega sem falla úr tölu stofnvega og verða sveitarfélagsvegir skv. vegalögum nr. 80/2007.

A. Aðdragandi.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið hefur falið Vegagerðinni að hafa forgöngu um skipan starfshóps sem hefði það verkefni að skila tillögum til ráðuneytisins um hvernig ljúka megi yfirfærslu vega sem samkvæmt ákvæðum vegalaga nr. 80/2007 falla úr tölu þjóðvega.

Vegagerðin hefur annast veghald hluta þeirra vega sem hér um ræðir skv. sérstakri undanþáguheimild sem renna átti út í árslok 2019. Með lögum nr. 146/2019 um breyting á vegalögum nr. 80/2007 var heimild Vegagerðarinnar til að annast veghaldið framlengd til ársloka 2020. Í því skyni að tryggja að yfirfærsla veganna gangi vel fyrir sig hefur ráðuneytið mælt fyrir um að stofnaður verði starfshópur skipaður þremur fulltrúum skipuðum eftir Sambandi íslenskra sveitarfélaga annars vegar og þremur fulltrúum Vegagerðarinnar hins vegar. Í erindisbréfi þessu er verkefni hópsins skilgreint og sett fram tímaáætlun fyrir skil á einstökum áföngum.

B. Verkefni starfshópsins.

Það er hlutverk starfshópsins að skila tillögum til ráðuneytisins um hvernig staðið skuli að yfirfærslu vega skv. framangreindu. Eftirfarandi er stutt lýsing á helstu verkefnum starfshópsins:

1. Starfshópurinn skal útbúa sameiginlegan lista yfir skilavegi. Um er að ræða vegi sem ekki uppfylla skilyrði þess að teljast stofnvegir skv. lögnum en falla í flokk sveitarfélagsvega. Ræða þarf og ná sameiginlegum skilningi á álitafnum ef einhver eru varðandi túlkun þeirra ákvæða vegalaga sem um ræðir. Er þar einkum átt við álitafni varðandi skilavegi á höfuðborgarsvæðinu. Þess skal freistað að ná fram sameiginlegum skilningi á viðeigandi ákvæðum 8. gr. vegalaga nr. 80/2007.

2. Miðað hefur verið við að umræddum vegum skuli skilað til sveitarfélaganna í viðunandi ástandi. Vegirnir eru í notkun og hafa notið reglubundins viðhalds en engu að síður getur verið komið að ákveðnu viðhaldi svo ástand þeirra teljist viðunandi. Eitt af verkefnum starfshópsins er að ná fram sameiginlegum skilningi á hvað felst í viðunandi ástandi og hvernig meta eigi viðhaldsþörf í einstökum tilvikum. Starfshópurinn skal skilgreina þær forsendur sem miða ber við þegar tekin er afstaða til þess hvort og þá í hvaða mæli nauðsynlegt er að ráðast í viðhaldsaðgerðir vegna þessara vega. Einnig að ákveða aðferðafræði við slíkt mat.

3. Starfshópurinn skal skila niðurstöðum á formi greinargerðar þar sem gerð er grein fyrir því hvaða vegir eru skilavegir sundurliðað á hvert sveitarfélag. Í niðurstöðum starfshópsins verði einnig greint hver er áætlaður kostnaður við að uppfylla viðhaldsþörf í samræmi við fyrirliggjandi mat.

C. Helstu áfangar og skil.

Gert er ráð fyrir því að starfshópurinn hefji störf í kjölfar þess að aðilar tilnefni fulltrúa í starfshópinn. Æskilegt er að starfshópurinn fundi nokkuð ört og að jafnaði ekki sjaldnar en einu sinni í viku í mánuðum. Stefnt verði að því að ná eftirfarandi tímasettum áföngum:

- 1. maí 2020: Niðurstöður starfshóps um lista yfir skilavegi, skilgreiningu forsendna og aðferðafræði við mat á viðhaldspörf liggur fyrir.
- 1. júní 2020: Mati á viðhaldspörf lokið.
- 1. ágúst 2020: Tillögum starfshóps skilað til ráðuneytis til umfjöllunar.
- Haust 2020: Starfshópurinn aðstoðar Vegagerðina og sveitarfélög við að ganga frá fyrirkomulagi á yfirfærslu vega.
- 31. des. 2020: Verkefni starfshóps lýkur.

D. Framkvæmd skila.

Vinna starfshópsins miðar að því að niðurstaða náist um yfirfærslu þeirra vega sem falla undir verksvið hans. Að fengnum tillögum hópsins verði unnt að ákveða framkvæmd á yfirfærslu veganna í samráði við viðkomandi sveitarfélög byggt á niðurstöðum starfshópsins. Stefnt er að því að á starfstíma starfshópsins verði gerðir samningar við þau sveitarfélög sem málið varðar um að þau taki við veghaldi umræddra vega og um viðhaldsástand veganna. Starfshópurinn fylgi eftir framkvæmd skila og veiti sveitarfélögum aðstoð og ráðgjöf eftir þörfum. Í framhaldi af þeirri vinnu sem að framan er lýst er ráð fyrir því gert að umræddum vegum verði skilað til viðkomandi sveitarfélaga sem taki við veghaldi þeirra frá og með 1. janúar 2021.

6. mars 2020

F.h. Vegagerðarinnar

Bergþóra Þorkelsdóttir

Forstjóri Vegagerðarinnar